



Kópavogi, 19. febrúar 2021
2101419/033.03 lþF

Minnisblað forstöðumanns UT deildar eftir fund 17.02.2021 með bæjarstjóra og fulltrúum velferðasviðs þar sem rætt var um mögulegt samstarf heimaþjónustu og heimahjúkrunar

Á fundinum kom fram áhugi á að byrja á þessu verkefni með því að kanna hvort mögulegt sé að allar umsóknir um félagslega heimaþjónustu og heimahjúkrun í Kópavogi sem og óskir um breytingar á þjónustunni gætu alfarið flust yfir í þjónustugátt Kópavogsbæjar þannig að aldraðir íbúar, aðstandendur þeirra og fagaðilar geti sótt um þessa þjónustu með einni umsókn í stað tveggja. Auk þess geti íbúinn og/eða aðstandendur haft yfirlit á einum stað yfir hvaða þjónusta er verið að veita bæði í heimaþjónustunni og í heimahjúkruninni. Einnig að útfærð lausn bjóði upp á að báðir þjónustuaðilar hafi aðgang að sömu upplýsingunum og geti breytt umfangi sinnar þjónustuveitingar.

Ein leið er möguleg að álit forstöðumanns UT deildar, þ.e. að hanna umsóknarform sem leysa þessar þarfir á þjónustugátt Kópavogsbæjar og láta gáttina eiga örugg samskipti við lausn heimahjúkrunar þannig að heimahjúkrun hafi eftir sem áður sama aðgang að umsóknum og vinnslu þeirra. Rýna þyrfti vel þau umsóknarform sem notuð yrðu á þjónustugáttinni og hanna þau með tilliti til notendamiðaðrar þjónustuveitingar. Tæknilega er þetta mögulegt út frá lausnum Kópavogsbæjar en kanna þarf hvort lausnir heimahjúkrunar styðja slík samskipti. Tryggja þarf að þjónustuaðilar beggja aðila geti breytt þjónustuskilgreiningu við íbúann á einfaldan hátt og að rekjanleiki allra breytinga sé tryggður. Einnig væri æskilegt að forföll og önnur tilfallandi atriði sem hafa áhrif á þjónustuveitinguna séu aðgengileg báðum aðilum og íbúnum sjálfum.

Forstöðumaður UT deildar leggur til að Velferðasvið Kópavogsbæjar leiti eftir samningi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um sameiginlegan vilja til að vinna að hönnun slíkrar lausnar og að kannað verði hvort þetta sé ekki tæknilega framkvæmanlegt. Þegar slíkur samningur liggur fyrir þá fái UT deild umboð til að greina æskilega virkni betur og hanna útfærslu lausnarinnar í samvinnu við báða aðila.

Virðingarfyllst,

Ingimar Þór Friðriksson
Forstöðumaður upplýsingatæknideildar